

## Þingsköp 2023 (skjal 2b/2023)

### Þingfundur á þingi Norðurlandaráðs

#### 1. Hlutverk fundarstjóra

Við þingfund skal fundarstjóri tryggja að farið sé að þingsköpum, m.a. með því að:

- *talsmönnum flokkahópa* verði eins og framast er kostur veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna
- hvetja til fjörlegra umræðna innan þess tíma sem úthlutað er
- allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður er
- umræðum sé lokið þegar úthlutaður tími rennur út

#### 2. Reglur um ræður

##### Ræðumaður

Allar ræður fara fram úr ræðupúlti

##### Ræðutími þingmanna Norðurlandaráðs

*Þingmenn Norðurlandaráðs* fá tvær mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit og fyrir aðrar ræður í umræðunum.

*Nýkjörinn forseti Norðurlandaráðs* fær fimm mínútur til að kynna formennskuáætlun komandi árs.

##### Ræðutími fulltrúa ríkisstjórnanna

*Verðandi formaður Norrænu ráðherranefndarinnar* fær fimm mínútur til að kynna formennskuáætlun komandi árs.

*Fulltrúar ríkisstjórna* fá fimm mínútur til að flytja skýrslur eða kynningar ef þær eru ekki lagðar fram skriflega.

Þegar fleiri fulltrúar ríkisstjórna taka til máls undir sama dagskrárlið fær ráðherra þess lands sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni fimm mínútur og aðrir ráðherrar fá 3 mínútur.

*Fulltrúar ríkisstjórna* fá þrjár mínútur ef stuðst er við handrit að greinargerð/kynningu.

*Fulltrúar ríkisstjórna* fá þrjár mínútur til að kynna tillögu eða fyrir aðrar ræður í umræðunni.

##### Ræðutími áheyrnarfulltrúa

*Fulltrúi Þingmannaráðs Sama* má taka til máls undir öllum dagskrárliðum.

Ræðutími *fulltrúa Þingmannaráðs Sama* er tvær mínútur.

##### Ræðutími gesta

*Fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar* má taka til máls undir öllum dagskrárliðum.



Ræðutími *fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar* er tvær mínútur.

*Erlendir gestir á þinginu* mega taka til máls undir dagskrárliðnum „Alþjóðlegt samstarf - ávörp erlendra gesta“. Ræðutími gesta er tvær mínútur.

#### Andsvör

*Þingmenn, fulltrúar ríkisstjórna, áheyrnarfulltrúar og UNR* mega veita andsvör við öllum ræðum.

Fulltrúi sem óskar eftir að veita andsvar við ræðu gefur merki þar um meðan á ræðunni stendur eða undir lok hennar.

Sá sem andsvarinu er beint til fær tækifæri til að svara því þegar í stað.

Fyrir hvert andsvar er veittur einnar mínútu ræðutími.

Fyrir svör við andsvörum er fulltrúum ríkisstjórnanna veittar tvær mínútur og þingmönnum Norðurlandaráðs ein mínúta.

Ef fleiri en einn fulltrúi ríkisstjórnar tala undir sama dagskrárlið eru andsvör veitt strax eftir ræðu hvers og eins.

*Forseti* ræður fjölda og röð andsvara.

*Forseti* getur gefið sama *þingmanni* eða *fulltrúa ríkisstjórnar* tvö tækifæri hið mesta til andsvara í hverri umferð orðaskipta.

#### Sérreglur um ræðutíma

##### Gestaræðumaður og umræður

*Gestaræðumaður* má taka til máls við opnun viðkomandi dagskrárliðar.

Ræðutími fyrir upphafsávarp *gestaræðumanns* er 20 mínútur.

*Þingmenn, áheyrnarfulltrúar og UNR* hafa færi á að spyrja spurninga eða gera athugasemdir eins og lýst er í hlutanum „Andsvör“.

##### Ræðutími: Norrænn leiðtogafundur 2023

*Þingmenn, áheyrnarfulltrúar og UNR* hafa færi á að spyrja spurninga eða gera athugasemdir eins og lýst er í hlutanum „Andsvör“.

##### Ræðutímar: Fyrirspurnatími samstarfsráðherranna

*Þingmenn, áheyrnarfulltrúar og UNR* hafa færi á að spyrja spurninga eða gera athugasemdir eins og lýst er í hlutanum „Andsvör“.

### 3. Aðrar reglur um framkvæmd þingfundar

#### Sætaskipan í salnum

- *Þingmenn Norðurlandaráðs* sitja með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitja ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin, séð frá ræðustóli.
- *Sé þess kostur sitja ráðherrar og gestir eins og venjan er í viðkomandi þinghúsi.*
- *Þingmannaráð Sama og Norðurlandaráð æskunnar* fá tvö sæti hvort. Norðurlandaráð æskunnar úthlutar sætum sínum að eigin vild miðað við þingdagskrá.

#### Atkvæðagreiðslur

- Atkvæðagreiðslur verða rafrænar. Sé slíkur búnaður ekki fyrir hendi fer atkvæðagreiðsla fram eins og venjan er í þinghúsinu.

#### Fundarskráning



- Fundarskráning á þinginu er í samræmi við 20. grein starfsreglna Norðurlandaráðs: „Á hverju þingi er færð fundargerð yfir mál, ummæli og ákvarðanir þar sem tilgreindar eru tillögur, tilmæli, röð ákvarðana, niðurstöður atkvæðagreiðslu og nöfn ræðumanna. Á reglulegum þingum eru allar umræður færðar orðréttar í skriflega gerðabók.“